

Móttökuáætlun Smáraskóla

Móttökuáætlun Smáraskóla er ætluð til að styðja við nýja nemendur og foreldra þeirra við upphaf skólagöngu og við aðlögun að nýju skólasamfélagi. Áætlunin tekur til þeirra nemenda sem eru að hefja skólagöngu og jafnframt þeirra nemenda sem eru að koma úr öðrum skólum innanlands sem og erlendis frá.

Áherslupættirnir eru: *nemendur í 1. bekk, nýnemar, nemendur með sérþarfir, nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur sem hafa lengi búið erlendis.*

Móttökuáætlun fyrir nemendur í 1. bekk

Samstarf leik- og grunnskóla

Öflugt samstarf er milli Smáraskóla og leikskólanna, Arnarsmára og Læks, sem staðsettir eru í nærumhverfi skólans. Markmiðið með samstarfinu er að stuðla að eðlilegri færslu milli skólastiganna. Með heimsókn elstu barnanna á leikskólunum í væntanlegan grunnskóla fá leikskólabörnin tækifæri til að kynnst nýja skólanum, starfsfólki og nemendum. Fjöldi heimsókna er yfir skólaárið þar sem nemendur leikskólanna koma í Smáraskóla eða Smáraskólanemendur koma í heimskókn í gamla leikskólann. Skólastjórnendur leikskóla og grunnskóla funda reglulega og að vori skilar leikskólinn nauðsynlegum upplýsingum til grunnskóla um verðandi nemendur.

Á hverju hausti innritast einnig nemendur í skólann sem ekki eru nemendur í áður nefndum leikskólum. Óski forráðamenn væntanlegra nemenda úr öðrum hverfum eftir því að fá að koma í heimsókn er þeim boðið að koma með leikskólabörnum hverfisins þegar þeirra heimsóknir eru og einnig sér heimsókn þar sem skólinn er kynntur sérstaklega.

Að öðru leyti er innritunarferlið í 1. bekk sem hér segir:

Forráðamenn skrá nemendur í skólann á rafrænan hátt (íbúagátt Kópavogsbæjar). Í lok maí er vorskóli fyrir foreldra og verðandi nemendur. Þeir sem skráðir eru í skólann á þessum tíma fá boð um vorskólann. Foreldrar fá kynningarfund, fyrirlestur og námskynningu um skólastarfið í upphafi skólaársins. Nemendur mæta í viðtal til umsjónarkennara á áður tilgreindum tíma við skólabyrjun.

Allir nemendur sem hefja nám við skólann að hausti eiga þess kost að vera í dægradvöl frá miðjum ágúst og þar til skóli hefst. Á þeim tíma gefst góður tími til að kynnast skólabyggingunni, skólalóðinni og starfsfólki dægradvalar.

Hefji nemendur nám í 1. bekk eftir að skólaárið er hafið fara þeir í innritunarviðtal sbr. móttökuáætlun fyrir nýja nemendur skólans.

Nýnemar

Nemendur sem innritast í 2. – 10. bekk við upphaf skólaárs

Nemendur eru boðaðir ásamt foreldrum/forráðamönnum í skólann daginn fyrir skólasetningu. Skólastjóri tekur á móti hópnum og skólastjórnendur og umsjónarkennarar viðkomandi barna eru kynntir. Nemendur fara síðan ásamt foreldrum með umsjónarkennurum í skoðunarferð um skólann og fá upplýsingar um helstu atriði er varða skólastarfið og samfélagið í heild sinni.

Nemendur sem innritast eftir að skólaárið er hafið

Ef nemandi kemur nýr inn í skólann eftir að skólaárið er hafið er hann boðaður á fund ásamt foreldrum/forráðamönnum af deildarstjóra þess stigs sem nemandi fer á. Deildarstjóri ásamt öðrum aðilum í móttökuteymi fer með nemandanum og foreldrum í skoðunarferð um skólann, fer yfir helstu atriði í starfi skólans og það sem kann að skipta máli varðandi skólasamfélagið, svarar þeim spurningum sem nemandi og foreldrar kunna að hafa og kynnir væntanlegan umsjónarkennara og bekk fyrir nemandanum (sjá nánar gátlista fyrir móttökuteymi).

Nemendur með sérþarfir

Um er að ræða nemendur sem eru með einhverskonar sérstakar þarfir tengdar námi og daglegu lífi. Ef til er sálfræðimat eða annarskonar greiningar á nemendum er mikilvægt að þau gögn fylgi þeim svo hægt sé að skoða málin heildstætt og meta þarfir hvers og eins. Kennsla getur til dæmis farið fram með stuðningi

stuðningsfulltrúa í almennum bekk eða sérkennslu í litlum hópi hjá sérkennara, allt eftir þörfinni hverju sinni.

Einstaklingsnámsskrár

Einstaklingsáætlun skal gerð þegar nemandi vîkur verulega frá námsskrá árgangsins. Ekki þarf að gera ítarlega einstaklingsnámsskrá ef nemandi vîkur frá námskrá í einu fagi. Umsjónarkennari og sérkennari bera sameiginlega ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana þar sem tekið er mið af greiningum og þroskamati viðkomandi nemanda, óskum foreldra og mati starfsmanna á hverjum tíma. Í einstaklingsnámsskrá skulu tiltekin námsmarkið, námsaðstæður, námsefni, námsmat ásamt öðrum aðstæðum í skólanum s.s. fríminútur og matartími. Þegar einstaklingsáætlun er tilbúin skulu foreldrar skrifa undir. Einstaklingsáætlun er vinnuskjal sem á að vera í stöðugri þróun og endurmati.

Notkun hjálpartækja

Ef nemandi þarf á hjálpartækjum að halda við sitt nám eða í daglegu lífi er leitað allra leiða til að hafa þau tiltæk í skólanum. Hér getur verið um að ræða húsbúnað eða tölvubúnað o.s.frv.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Þegar óskað er eftir skólavist fyrir einstakling sem hefur annað móðurmál en íslensku og er nýkominn til Íslands er viðkomandi vísað á Álfhólsskóla, í Kópavogi, fyrst um sinn á meðan nemandinn nær grunntökum á íslensku.

Þegar nemandinn kemur í Smáraskóla tekur deildarstjóri, þess stigs sem nemandi fer á, ásamt öðrum fulltrúum í móttökuteymi á móti foreldrum/forráðamönnum ásamt túlk ef þörf er á. Deildarstjóri fer yfir helstu atriði í starfi skólans og það sem kann að skipta máli varðandi skólasamfélagið og svara þeim spurningum sem foreldrar kunna að hafa (sjá gátlista móttökuteymis).

Reynt er að koma til móts við þarfir einstaklingsins með stuðningskennslu í íslensku og aðstoð í daglegu starfi. Íslenskukunnáttu þarf að meta og einstaklingsáætlun er gerð, ef þurfa þykir í samvinnu við sérkennara. Einnig getur verið boðið upp á sérstaka nýbúakennslu.

Nemendur sem hafa lengi búið erlendis

Nemendur sem snúa aftur til Íslands, eftir langa dvöl erlendis, hafa sumir hverjir tapað niður íslenskunni og hjá sumum vantar töluvert upp á orðaforða og hugtakaskilning. Því þarf að byrja á því að meta þekkingu nemandans í íslensku, því næst er einstaklingsáætlun útbúin í samvinnu við sérkennara ef þurfa þykir og síðan boðið upp á auka tíma í íslensku. Íslenskukennslan getur verið hjá sérkennara, íslenskukennara eða í sérstakri nýbúakennslu en það er metið eftir þörfum og stöðu mála.